

Skólaráðsfundur 8.október 2019

Mættir eru: Hildur skólastjóri, Helena Katrín, Vilborg, Sigrún formaður foreldrafélags, Andrea fulltrúi frá foreldrafélagi, Magnús fulltrúi grenndarsamfélags, Krístrún áheyrnarfulltrúi, Viktor Máni fulltrúi nemenda og Erla Dís fulltrúi nemenda.

Farið yfir hverjir sitja í skólaráði.

Farið yfir hlutverk skólaráðs, upplýsingahandbók afhent.

Fyrsta verkefni skólaráðs þetta haustið verður að yfirfara starfsáætlun. Verður send á meðlimi ráðsins og vonandi samþykkt á næsta fundi.

Ákveðið að fundur með nemendum verði í nóvember.

Farið yfir verkefnaskiptingu vetrarins.

Rætt um flutning fimm ára barna yfir í Móa og þær hindranir sem eru í vegi. Aðalmálið eru mannaáðningar sem ganga misvel.

Flutningar mötuneytis verða vonandi um áramót. Hannes fer yfir í skólabygginguna þegar af því verður og sér um grunnskólahlutann. Þannig verður það amk á meðan skólinn rekur mötuneytið.

Húsnæðismálin rædd.

Farið yfir stöðuna, beðið er eftir miðskipinu, náttúrufræðistofunni, stoðteymi og skrifstofum. Vonandi fáum við það afhent í nóvember.

Rætt um fataskápa á efri hæð. Óheppileg hönnun, búið er að óska eftir að snagi sé settur inn í hvern skáp svo hægt sé að hengja upp úlpur.

Rætt um skort á virðingu fyrir eigum annarra. Mikið er um að verið sé að taka annarra manna hjól og hlaupahjól. Mikilvægt að heimili og skóli taki höndum saman til að stoppa þessa hegðun. Hildur skrifar skólastjórarást og farið verður í bekk til að ræða þessi mál.

Rætt um öryggismál utan við skólann. Vantar gangbrautir og gangbrautaverði við skólabyrjun. Skólastjóri er búinn að senda á samgöngustjóra og ítreka beiðni um aukið umferðaröryggi. Hvetjum foreldra til að taka boltann og skrifa líka.

Rætt um að agastjórnun í bekkjum í Dalskóla sé síðri en í öðrum skólum. Mikilvægt að fylgt sé eftir. Stjórnendur eru að vinna að ferlum. Virðist vera meiri ró en áður í bekkjum amk á efri hæð. Húsnæðisóróleiki er áhrifapáttur.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 6. nóvember